

Útkomið í A deild Stjórnartíðindanna.

Fjáraukalög fyrir árin 1900 og 1901, undirskrifuð af konungi 27. septbr. 1901 (A nr. 33, bls. 104—107).

Lög um bóluasetningar, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 34, bls. 108—115).

Lög um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 116—119).

Fjárlög 1902 og 1903, undirskrifuð af konungi 8. nóvbr. 1901 (A nr. 36, bls. 120—171).

Tolllög fyrir Ísland, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 37, bls. 172—181).

Lög um tjekk-ávisanir, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 38, bls. 182—187).

Lög um kirkjugarða og viðhald þeirra, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 39, bls. 188—193).

Lög um viðauka við og breyting á tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 40, bls. 194—197).

Lög um bann gegn verðmerkjum og vörusedlum, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 41, bls. 198—199).

Lög um friðun hreindýra, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 42, bls. 200—201).

Lög um að landssjóður kaupi jörðina Laug, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 43, bls. 202—203).

Lög um frestun á framkvæmd laga 25 okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 44, bls. 204—205).

Lög um löggilding á Hjallasandi í Neshreppi utan Ennis innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 45, bls. 206—207).

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Sandgerðisvík í Gullbringusýslu, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 45, bls. 208—209).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suduramtinu og Vesturamtinu um sveitfesti ómaga. Með brjefi yðar, dagsettu 30. sept. r. þ. á., hafið þjer herra amtmaður, sent hingað erindi breppsnefndarinnar í Leiðarvallarhreppi í Skaptafellssýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 21. marz þ. á., sem staðfestir úrskurð sýslumannsins í nefndri sýslu, um sveitfesti vitfiringsins Margrjetar Eyjólfsdóttur. 121
5. nóvbr.

Málavextir eru þessir:

Margrjet þessi, sem fædd er í Kleifahreppi hinum forna í áðurnefndri sýslu, fluttist á 1. ári í Leiðvallarhrepp hinn forna og hefir dvalið þar síðan. Árið 1878 var hún, þá 25 ára gömul, tekin á sveitarframfæri í Leiðvallarhreppi

121 hinum forna í þeirri trú, að hún væri vafalaus skylduómagi þess hrepps, og 5 nóvbr hefir hún síðan verið fastur sveitarómagi, fyrst síðastnefnds hrepps og síðan, eftir skipting hans 1886, hins núveranda Leiðvallarhrepps. Það virðist fyrst haustið 1900 hafa vaknað grunur hjá hreppsnefndinni í hinum núverandi Leiðvallarhreppi um að Margrjet hafi eigi átt sveitarframfæri þar, heldur í Kleifarhreppi hinum forna, enda beiðist hreppsnefndin í brjefi, dagsettu 22. septbr. f.á., úrskurðar sýslumansins í nefndri sýslu um sveitfesti Margrjetar. Sýslumaður úrskurðar svo, að Margrjet skuli teljast sveitlæg í Leiðvallarhreppi, og byggir hann úrskurð sinn á því, að þar sem hreppsnefndin í hinum forna Leiðvallarhreppi þannig hafi eigi gætt þess á sínum tíma, að gjöra hinum forna Kleifahreppi aðvart í tæka tíð um, að Margrjet væri tekin á sveitarframfæri, þá sje afleiðingin af því ekki eingöngu sú, að dvalarhreppurinn fái eigi hinn veitta styrk endurgoldinn, heldur einnig sú, að slík styrkveiting slíti eigi sveitfestisdvöl þurfamannsins í dvalarhreppnum, en það sje skylda hverrar þeirrar sveitarstjórnar, sem veiti þurfamanni styrk í hreppnum, að ganga þegar í stað úr skugga um, hvort þurfa-lingurinn muni eiga sveit utan hreppsins, enda liggi eigi fyrir í málinu nægar ástæður til að rjettlæta það, að hreppsnefndin í Leiðvallarhreppi hafi látið þetta farast fyrir í 22 ár. Á þessar röksemdir sýslumanns hafið þjer, herra amtmaður, fallizt og því stafest úrskurð hans. Jafnframt hafið þjer látið þess getið, að vitfirring Margrjetar hafi eigi getað verið því til fyrirstöðu, að hún með dvöl sinni yni sjer sveit í Leiðvallarhreppi, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 26. maí 1862. Það er nú að visu svo, að þeim skilningi hefir stöðugt verið framfylgt af úrskurðarvaldinu í framfærslumálum hreppa í milli, að það væri bæði eftir hlutarins eðli og 8. og 9. gr. fátækrareglugjörðarinnar skylda hrepps þess, er styrk veitir þurfamanni, þegar að grennslast eftir því, hvar þurfamaðurinn eigi sveit, og ef það reynist að ómaginn eigi sveit annarsstaðar en þar, sem hann hefir leitað styrks, þá beri þegar að skýra framfærsluhreppnum frá styrkveitingunni; annars eigi dvalarhreppurinn eigi rjett til endurgjalds á hinum veitta styrk, sjá meðal annars lhbr. 17. nóvbr. 1877, sbr. kanc. brjef 1. maí 1838 og 28. oktbr. 1845. Því verðjeg að vera yður samdóma um að Leiðvallarhreppur hafi misst rjett sinn til að fá endurgoldið meðlag það, sem gengið hefir til framfærslu Margrjeti allt til haustsins 1900. Aptur á moti get jeg eigi verið yður og sýslumanninum í Skaptafellssýslu samdóma um það, að löglega veittur sveitastyrkur slíti eigi sveitfestisdvöl utanhreppsmanns, nema sagt sje til styrksins í tæka tíð. Hitt virðist bæði samkvæmt hlutarins eðli og 6. gr. fátækragjörðarinnar, að sveitarstyrkur, ef hann er að eins löglega veittur, slíti jafnan sveitfestisdvöl, hvernig svo sem fer um endurborgun hans, er um utansveitarmenn er að ræða, sbr. lhbr. 13. septbr. 1888. Með því að ekkert er framkomið, sem gefi neinn grun um, að styrkur sa, sem Margrjeti var veittur af Leiðvallarhreppi hinum forna, er hún var tekin á sveitarframfæri 1878, hafi verið ólög-mætur, og samkvæmt framansögðu, úrskurðast hjer með, að umræddur vitfirringur Margrjet Eyjóltsdóttir skuli teljast sveitlæg í hinum forna Kleifahreppi, sem ber að endurgjalda Leiðvallarhreppi eftir reikningi sveitarstyrk þann, er hún hefir notið í síðarnefndum hreppi eftir 22. sept. f. á. Þetta er yður til vit-

undar gefð yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeigandi hrepps-
nefndum. 121
5. nóvbr.

Brjef landshöfðingja til landlæknisins á Íslandi um reikninga 122
hjeraðslækna. Eins og yður, herra landlæknir, er kunnugt, eru reikningar 22. nóvbr. margra hjeraðslækna yfir verk þeirra og ferðakostnað í þarfir hins opinbera einnatt mjög illa úr garði gerðir, opt ýmist lítt sundurliðaðir eða allsendis ósundurliðaðir, og sýnast hins vegar optast bera vott um, að hlutaðeigandi hjeraðslæknir hafi eigi kynnt sjer ákvæði 4.—5. gr. laga nr. 24 frá 13. oktbr. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl., og svo sem að sjálfsögðu virðist svo, sem að eins örfáir hjeraðslæknar þekki eða hafi athugað niðurlagsákvæði fyrri málsgreinar í 12. gr. laga nr. 2 frá 31. janúar 1896, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Það virðist því eigi vanþörf á, að gefa hjeraðslæknum nokkrar almennar bendingar um þetta efni (þ: um endurgjald til hjeraðslækna fyrir störf þeirra og kostnað í þarfir hins opinbera) og skýringar á einstökum atriðum. Skal í þessu skyni tekið fram það, sem hjer fer á eftir:

1. Sjerstakan reikning verður að gefa yfir hvað eina; það má t. a. m. ekki hafa á einum og sama reikningi kostnað við varnir gegn skarlatssótt og kostnað við sóttþreinsun eftir taugaveiki. Svo verður hver reikningur að vera vel og nákvæmlega sundurliðaður, borgunin fyrir hvert atriði verður að vera nákvæmlega tilfærð útaf fyrir sig, svo að auðvelt sje að sjá af reikningnum, hvort hún sje lögum samkvæm, sjerstaklega læknaskipunarlögnum. Reikninga sína yfir kostnað við varnir gegn næmum sjúkdómum skulu hjeraðslæknar senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta til frekari aðgjörða. Þó má senda landlækni beina leið reikninga yfir kostnað við sóttþreinsun gegn næmum sjúkdómum, er aðeins stinga sjer niður á einstöku stað og yfirvöld hafa eigi sett sóttvarnir gegn.

2. Lækni ber í *dagpeninga* 25 a. fyrir hvern klukkutíma, sem hann er heima, hvort er á nóttu eða degi, en hann má ekki vera lengur en þörf er, á ferðinni, t. a. m. ekki náttu sig og gjöra reikning fyrir næturtímanum, ef hann getur með góðu móti náð heim að kveldi. Ekki má hann heldur gjöra sjer ferð að óþörfu á reikning hins opinbera.

Fyrir *hesta* eða annan farkost (bát eða keyrslu o. s. frv.) má læknir ekki reikna sjer meira en tíðkast í því byggðarlagi, er hann fer um; ef ferðin er stutt, má hann eigi gera reikning fyrir meira en einum hesti fyrir sjálfan sig.

Læknir má því að eins reikna borgun fyrir *fylgd* (fylgdarmann), að hann eigi að fara langa leið, eða, ef leiðin er stutt, mæta torfærum, vondu veðri eða náttmyrkri.

Ef ferðin er gerð bæði í þarfir einstaks manns eða einstakra manna, eða læknirinn í sömu ferðinni framkvæmir læknisverk eða heilbrigðisráðstafanir bæði í þarfir hins opinbera og í þarfir einstaks manns eða einstakra